

Priðjudaginn 16. febrúar 1988.

Nr. 3/1987.

**Kaupfélag Eyfirðinga og
Samband íslenskra samvinnufélaga
vegna Efnaverksmiðjunnar Sjafnar**

(Ragnar Steinbergsson hrl.)

gegn

Tryggva Georgssyni

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

Vinnulaun. Veikindadagar. Uppsagnarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 8. janúar 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi hinn 19. desember 1986. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara að þeim verði aðeins gert að greiða stefnda bætur vegna uppsagnarfrests samkvæmt mati Hæstaréttar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði þá látinn niður falla.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur hafa fært nokkur rök að því, að um hafi verið að ræða verksamning. Svo sem sönnunarreglum er hér háttáð verður þó fallist á með héraðsdómara, að samningur aðila hafi verið vinnusamningur eins og stefndi heldur fram. Verður krafa stefnda um veikindalaun frá 28. apríl 1984 til og með 25. júlí sama ár krónur 92.575,30 því tekin til greina, en áfrýjendur hafa ekki andmælt fjárhæð þessari tölulega.

Gegn andmælum áfrýjenda hefur stefndi hins vegar ekki sannað, að hann eigi rétt á lengri uppsagnarfresti en einum mánuði sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979, og ber að miða uppsögn við mánaðamót sbr. 6. mgr. sömu greinar. Ber því að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda vegna þessa hluta kröfunnar 43.306,80 krónur.

Úrslit máls þessa verða því þau, að áfrýjendum verður gert að greiða stefnda 135.882,10 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Hér fyrir dómi var ekki deilt um vexti.

Rétt er að áfrýjendur greiði stefnda samtals 100.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Kaupfélag Eyfirðinga og Samband íslenskra samvinnufélaga vegna Efnaverksmiðjunnar Sjafnar, greiði stefnda, Tryggva Georgssyni, 135.882,10 krónur með 19% ársvöxtum af 3.518,30 krónum frá 1. maí 1984 til 1. júní s.á., af 38.103,40 krónum frá þeim degi til 1. júlí s.á., af 67.815,35 krónum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., af 98.555,00 krónum frá þeim degi til 1. september s.á., af 134.433,55 krónum frá þeim degi til 1. október s.á., af 135.882,10 frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með mánaðarvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 14. apríl 1987 sem hér segir: 3,75% frá 1. febrúar til 1. mars 1985, 4% frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 14. apríl 1987 en með dráttarvöxtum eftir 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefnda samtals 100.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 8. apríl 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þ. 10. mars sl., hefur Tryggvi Georgsson múrari, Hamragerði 13, Akureyri, nafnnúmer 8941-9468, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni þ. 5. júní 1985 á hendur Efnaverksmiðjunni Sjöfn, Glerárgötu 28, Akureyri, auðkennisnúmer 8135-3298.

Eru dómkröfur stefnanda þær að stefnda verði dæmt til að greiða honum

kr. 208.345,75 ásamt 19% ársvöxtum af kr. 3.518,30 frá 1. maí 1984 til 1. júní sama ár, af kr. 38.103,40 frá þeim degi til 1. júlí s.á., af kr. 67.815,35 frá þeim degi til 1. ágúst s.á., af kr. 98.555,00 frá þeim degi til 1. september s.á., af kr. 134.433,55 frá þeim degi til 1. október s.á., af kr. 171.389,65 frá þeim degi til 1. nóvember s.á., af kr. 208.345,75 frá þeim degi til 1. janúar 1985; 32% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. febrúar s.á.; 3,75% mánaðarvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á. og 3,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986 og 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda hæfilegan málskostnað að mati dómara. Til vara krefst stefnda þess að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar að mati dómara og málskostnaður felldur niður.

Málavexti kveður stefnandi þá að hann hafi lokið sveinsprófi í múraraiðn árið 1953 og þá gerst félagi í Múrarafélagi Akureyrar og hafi síðan starfað í iðn sinni. Á undanförunum árum hafi starf hans aðallega verið fólgið í eftirliti með byggingarframkvæmdum, síðast hjá stefnda, en áður hjá Dagsprenti hf. og Hagkaupi, svo dæmi séu nefnd.

Þ. 12. ágúst 1982 hafi stefnda auglýst í blaðinu Degi að það óskaði að ráða byggingartæknifræðing eða vanan byggingarmeistara til eftirlits með nýbyggingu sinni. Á grundvelli þeirrar auglýsingar hafi stefnandi ráðist til stefnda og hafið störf þar þ. 7. september 1982. Þ. 28. apríl 1984 hafi stefnandi orðið óvinnufær vegna kransæðasjúkdóms og verið það fram til 25. júlí sama ár. Þann dag hafi hann tilkynnt að hann væri tilbúinn að hefja störf að nýju, en þá verið tilkynnt á móti að það væri mat framkvæmdastjóra stefnda að stefnandi þyrfti mun lengri tíma til að ná nægjanlega góðri heilsu eftir slíkan sjúkdóm og að annar maður hefði verið fastráðinn í starfið. Hafi stefnandi þá gert reka að því að leita réttar síns en tilraunir hans í þá átt hafi ekki borið árangur og ekki heldur innheimtutilraun lögmanns hans og sé mál þetta því höfðað. Telji stefnandi sig eiga gjaldfallna en ógreidda vinnulaunakröfu á hendur stefnda enda hafi hann áunnið sér rétt til kaupgreiðslu í veikinda- og slysatilfellum og rétt til uppsagnarfrests. Vísar stefnandi til 1., 5. og 10. gr. laga nr. 19, 1979, sbr. kjarasamninga Múrarasambands Íslands, sem stéttarfélag hans á aðild að, og 1. gr. laga nr. 55, 1980.

Sýknukröfu sína rökstyður stefnda með því að stefnandi hafi ekki verið launþegi hjá stefnda, heldur sjálfstæður verktaki, og samningur aðila því verksamningur en ekki vinnusamningur. Hafi stefnandi fengið greitt fyrir vinnu sína skv. reikningum sem hann framvísaði sem greinilega hafi sýnt

að hann hafi ekki litið á sig sem launþega hjá stefnda, heldur sjálfstæðan verktaka.

Hafi reikningar stefnanda verið miðaðir við útselda vinnu yfirverkstjóra, verkstæðisvinnu, eftir 10 ára starf. Þar að auki hafi hann reiknað sér akstur sem sé innifalinn í þeim sama taxa, sem hann hafi notað. Af reikningum stefnanda megi ráða að hann hafi tekið að sér tímabundið starf fyrir stefnda. Hann hafi ákveðið þóknun sína sjálfur og gert reikninga fyrir verkið, og séu þeir reikningar allir gerðir m.t.t. útseldrar vinnu iðnlærðra yfirverkstjóra eftir 10 ára starf. Veikindakaup sé innifalið í útseldri vinnu, eins og t.d. orlof. Stefnandi eigi ekki rétt til veikindakaups auk greiðslu fyrir útselda vinnu og hann hafi ekki krafist um orlof, heldur viðurkennt að það væri innifalið. Kröfum stefnanda um bætur vegna ólöglegar uppsagnar sé alfarið hafnað. Eins og áður sé rakið, hafi stefnandi tekið að sér tímabundið verkefni fyrir stefnda sem sjálfstæður verktaki. Stefnandi hafi lagt niður vinnu seint í apríl 1984. Hann hafi ekki haft eða látið hafa samband við stefnda vegna þessara veikinda og engar ráðstafanir gert til þess að annar aðili sinnti þeim eftirlitsstörfum sem hann hafi tekið að sér.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt að um verksamning hafi verið að ræða. Hann hafi alla tíð litið á sig sem launþega hjá stefnda í samræmi við auglýsingu þá sem að framan er rakin. Telji hann sig eiga rétt til veikindalauna og uppsagnarfrests í samræmi við lög og kjarasamning stéttarfélags hans, sem áður er vitnað til.

Eins og að framan er rakið snýst ágreiningur aðila um það hvort um hafi verið að ræða verksamning eða vinnusamning milli aðila. Aðilar hafa komið hér fyrir dóm auk vitna og ýmis gögn hafa verið lögð fram. Ágreiningslaust er með aðilum um að ekkert hafi verið um það rætt við samningsgerð hvort um væri að ræða vinnusamning eða verksamning. Af gögnum málsins verður eigi fyllilega ráðið um hvora tegund samnings var að ræða. Ágreiningslaust er að gert hafi verið ráð fyrir persónulegu vinnuframlagi stefnanda, þannig að honum hafi verið óheimilt að fela öðrum framkvæmd verksins í sinn stáð. Þá er fram komið að greiðsla til stefnanda var miðuð við unninn vinnutíma, mældan í klukkustundum. M.a. m.t.t. þessa, svo og orðalags auglýsingarinnar um starfið, verður að telja að stefnda beri að sanna að um verksamning hafi verið að ræða en ekki vinnusamning, enda hafi það staðið honum nær í upphafi að tryggja sér slíka sönnun. Slík sönnun þykir eigi nægjanlega fram komin af hálfu stefnda og verður því við það miðað að samningur aðila hafi verið vinnusamningur eins og stefnandi heldur fram. Fram er komið í málinu að framkvæmdastjóra stefnda var kunnugt um veikindi stefnanda þegar í upphafi, og ágreiningslaust er að af hálfu stefnda voru engar ráðstafanir gerðar til að segja stefnanda upp vinnunni. Verður því að telja að stefnandi eigi þann rétt sem

framangreind lög og kjarasamningar kveða á um. Ekki er ágreiningur um að kröfur stefnanda séu í samræmi við ákvæði þeirra laga og kjarasamninga að öðru leyti en því, að stefnda heldur því fram að stefnandi eigi einungis rétt á 2 mánaða uppsagnarfresti skv. þeim kjarasamningi sem hann byggir kröfur sínar á.

Það er skoðun dómsins að uppsagnarfrestur sé 3 mánuðir eins og stefnandi heldur fram skv. téðum kjarasamningi með hliðsjón af eldri samningum.

Er það því niðurstaða dómsins að taka beri kröfur stefnanda til greina að fullu, enda er ekki tölulegur ágreiningur um þær. Skv. framangreindum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 55.000,00.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Efnaverksmiðjan Sjöfn, greiði stefnanda, Tryggva Georgs-
syni, kr. 208.345,75 ásamt 19% ársvöxtum af kr. 3.518,30 frá 1. maí
1984 til 1. júní s.á., af kr. 38.103,40 frá þeim degi til 1. júlí s.á., af
kr. 67.815,35 frá þeim degi til 1. ágúst s.á., af kr. 98.555,00 frá þeim
degi til 1. sept. s.á., af kr. 134.433,55 frá þeim degi til 1. okt. s.á.,
af kr. 171.389,65 frá þeim degi til 1. nóv. s.á. og af kr. 208.345,75
frá þeim degi til 1. jan. 1985, 32% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá
þeim degi til 1. febr. s.á., 3,75% mánaðarvöxtum af sömu fjárhæð
frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til
1. júní s.á. og 3,7% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. sept. s.á.,
3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986 og 2,75%
mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 55.000,00 í máls-
kostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri
aðför að lögum.